

Náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs 2018-20

Stefán Bogi Sveinsson

Formaður náttúruverndarnefndar

Forseti bæjarstjórnar

Náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs

- Sérstök náttúruverndarnefnd endurvakin 2014.
- Þar áður voru verkefni náttúruverndarnefndar falin umhverfis- og héraðsnefnd (sameinuð nefnd úr dreifbýlis- og hálendisnefnd og umhverfis- og náttúruverndarnefnd).
- Þegar umhverfis- og héraðsnefnd var sameinuð skipulags- og mannvirkjanefnd 2014 var það ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar að stofnsetja á ný sérstaka náttúruverndarnefnd.
- Rökin meðal annars að verkefni náttúruverndarnefndar væru illsamrýmanleg breiðu verk sviði nýrrar nefndar.

Skipan nefndarinnar

- Nefndin er skipuð þremur fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn.
 - Stefán Bogi Sveinsson, formaður, B-lista
 - Aðalsteinn Jónsson, varaformaður, D-lista
 - Ruth Magnúsdóttir, L-lista
- Ekki er áheyrnarfulltrúi í nefndinni þar sem hún fer ekki með fullnaðarafgreiðsluumboð.
- Verkefnastjóri umhverfismála er starfsmaður nefndarinnar en verkefni hans heyra einnig undir umhverfis- og framkvæmdanefnd.
 - Freyr Ævarsson

Umdæmi nefndarinnar



Helstu verkefni I - Umsagnir

- Náttúruverndarnefnd ber að veita lögbundnar umsagnir svo sem:
 - Svæðis- og **aðalskipulag** sbr. 68. gr. náttúruverndarlaga
 - Framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga
 - Náttúruminjaskrá sbr. 36. gr. náttúruverndarlaga
 - Framkvæmda- og byggingarleyfi innan svæða á náttúruminjaskrá sbr. 37. gr. náttúruverndarlaga
 - Undanþágur frá ákvæðum friðlýsingar sbr. 41. gr. náttúruverndarlaga
- Dæmi um að óskað sé afstöðu nefndarinnar án lagaskyldu:
 - **Deiliskipulag (skv. ráðleggingum Skipulagsstofnunar)**
 - **Hvort framkvæmd rúmist innan skilmála skipulags**

Helstu verkefni II - Landvarsla

- Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, í samstarfi við Ferðamálahóp Borgarfjarðar eystra, hefur tvívegis sótt um stuðning til að sinna landvörslu á Víknaslóðasvæðinu. Vegna 2019 og 2020.
- Náttúruverndarnefnd hefur fengið erindin til umfjöllunar og bókað um að sveitarfélagið ætti að styðja við verkefnið.
- Náttúruverndarnefnd hefur ekki eigin fjárhagsliði.
- Verkefnið hlaut stuðning af fjárhagsliðum á forræði umhverfis- og framkvæmdanefndar og atvinnu- og menningarnefndar vegna 2019.
- Bæjarráð hefur bætt við fjármagni á sérstakan lið vegna verkefnisins árið 2020.
- Tímamótaverkefni í landvörslu hér á landi. Fyrstu landverðir sem ráðnir eru til einkaaðila.



Helstu verkefni III - Friðlýsingar

- Fulltrúar nefndarinnar funduðu með friðlýsingateymi.
 - Friðlýsingarkostir í gildandi náttúruverndaráætlun:
 - Eyjófsstaðaskógur, Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur.
 - Lítill áhugi hjá sveitarfélaginu á friðlýsingu þessara svæða og andstaða hjá landeigendum.
 - Þó mögulega áhugi á að hluti af Egilsstaðaskógi verði gerður að fólkvangi.
 - Náttúruverndarnefnd hefur óskað eftir frekari upplýsingum um forsendur þess að umrædd svæði eru á gildandi náttúruverndaráætlun.
 - Friðlýsingarkostir reifaðir af nefndinni
 - Stórurð, Grímstorfa, Þingmúli og Stuðlagil.
 - Náttúruverndarnefnd lagði til við bæjarstjórn að óskað yrði eftir friðlýsingu Hrafnabjarga, Unaóss og Heyskála.
 - Náttúruverndarnefnd fól formanni og starfsmanni að kanna betur hina kostina þrjá.

Friðlýsing í vinnslu

- Á fundi 6. mars 2019 samþykkti bæjarstjórn að óska eftir að hafin yrði vinna við mögulega friðlýsingu jarðanna Hrafnabjarga, Unaóss og Heyskála í Hjaltastaðapínghá, að hluta eða í heild, með sérstaka áherslu á Stórirurð.
- Búið er að skipa samstarfshóp, auglýsa áform um friðlýsingu og umsagnarfrestur er liðinn.



Friðlýsingar í athugun


- Rætt hefur verið að einhverju marki við alla landeigendur eða ábúendur.
- Náttúrustofa Austurlands fengin til að gera minnisblað um afstöðu til friðlýsingar, með vísan til c-liðar 1. mgr. 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
- Náttúruverndarnefnd hefur samþykkt að ræða nánar við landeiganda um friðlýsingu Grímstorfu í Hafrafelli.



Mynd 9: Grímstorfan.
Grímstorfa í Fellahreppi á Héraði er ágætt dæmi um hvernig landinu er eiginlegt að líta út. Eypór Einarsson¹¹ skrifaði grein í Ársritið árið 1979 eftir að hafa heimsótt torfuna tvisvar sinnum. Hann segir frá því að þar séu birki og reynir allt að 6 m á hæð og undirgróður mikill og blómlegur. Hann skráði 66 tegundir blómplantna og byrkninga í torfunni. Mynd: Sig.A,

Helstu verkefni IV - Stuðlagil

- NAUST óskuðu eftir því að náttúruverndarnefnd hlutaðist til um uppbyggingu við Stuðlagil.
- Rætt hefur verið við landeigendur og hagsmunaaðila meðal annars um mögulega friðlýsingu svæðisins. Ekki er samhljómur hjá landeigendum um þann kost.
- Unnið er að því að formgera samstarf sveitarfélagsins, landeigenda og Austurbrúar um uppbyggingu svæðisins.



Helstu verkefni V - Byggðaáætlun C9

- Í byggðaáætlun stjórnvalda er tilgreint verkefni sem nefnist Náttúruvernd og efling byggða (C9).
- Tilgangur þess er að greina tækifæri og mögulegan ávinning í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu og umsjón friðlýstra svæða, svo sem í náttúrutengdri ferðaþjónustu.
- Samband sveitarfélaga á Austurlandi sótti um styrk vegna þriggja svæða inn í þetta verkefni, þar á meðal svæðis á Úthéraði sem Náttúrufræðistofnun leggur til að verði sett inn í B-hluta nýrrar náttúruminjaskrár.
- Fljótsdalshérað hyggst að auki leggja til viðbótarfjármagn til þess að útfæra nánar þau tækifæri sem fram koma í greiningunni.
- Aðkoma náttúruverndarnefndar er að tilheyra tvo fulltrúa í stýrihóp Fljótsdalshéraðs vegna verkefnisins.

Til næstu ára

- Sveitarfélögin Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjarðarkaupstaður munu sameinast.
- Tillögur að nefndaskipan nýs sveitarfélags gera aðeins ráð fyrir tveimur fagnefndum auk byggðaráðs. Ekki gert ráð fyrir sérstakri náttúruverndarnefnd.
- Samstarfsnefnd sem mótaði tillögu að sameiningu sveitarfélaga gerði ráð fyrir því í sínum tillögum að verkefni náttúruverndarnefndar gætu verið falin nýjum **heimastjórnnum**.
- Þriggja manna heimastjórnir verða kjörnar fyrir hvert þeirra sveitarfélaga sem nú munu sameinast. Þeim verða falin ýmis verkefni sem talin eru betur komin í höndum nánasta nærumhverfis.
- Veigamesta verkefni heimastjórna mun að líkindum verða deiliskipulagsgerð.